

Aðgerðaáætlun 2019-2020

Glaðheimar

Aðgerðaáætlun

Aðgerð	Tímalína	Markmið og Hvernig metið	Ábyrgð
<p>Lýðræði – Í Glaðheimum skal vera virkt lýðræði þar sem börnin hafa vettvang til þess að koma sínum skoðunum og hópum á framfæri. Bæði með því að hafa hugmyndakassa sem farið er yfir reglulega, kosið úr þeim hugmyndum og þeim hrint í framkvæmt. Eins skal kosið reglulega um hvaða matur er í boði í Glaðheimum, í síðdegishressingu og ávaxtastund.</p>	2019-2020	<p>Að vettvangur sé til staðar fyrir börnin til þess að hafa áhrif á starfið þ.e. reglulegar kosningar og hugmyndakassi.</p> <p>Að niðurstöður allra kosninga séu nýttar og verði að veruleika í starfi Glaðheima. Þar sem ferli, niðurstöður og afrakstur eru sýnileg fyrir börnin.</p> <p>Að í hvert skipti sem unnið er úr hugmyndakassa verði niðurstöðum hrint í framkvæmt. Þar sem ferli, niðurstöður og afrakstur eru sýnileg fyrir börnin.</p>	Hafdís
<p>Gleðipinnar Glaðheima - Að Glaðheimar bjóði uppá skipulagt hópastarf fyrir börnin í 1. og 2. bekk í Langholtsskóla. Hópastarfið skal snúast um að auka félagsfærni barnanna og auka sjálfstraust þeirra í samskiptum við jafninga. Íunn leiðir hópastarfið og skipuleggur dagskrá. Samsetning hópa er valin í samráði við kennara og starfsfólk Glaðheima.</p>	2019-2020	<p>Mat á starfinu verður unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, þar sem Ársæll Már Arnarsson mun ráðleggja Glaðheimum í hvernig best er að meta hópastarf af þessu tagi. Ársæll er prófessor við deil heilsueflingar, íþróttar og tómstunda.</p>	Gísli og Íunn
<p>Frístundalæsi – Að unnið sé að því að kynna börnunum fyrir læsi í víðum skilningi. Frístundalæsi er hugmyndafræði frístundastarfs í læsis hluta menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Þar kemur fram að hægt sé að vinna að félagslæsi, lista- og menningalæsi, samfélagslæsi og heilsulæsi svo eitthvað sé nefnt. Við viljum stuðla að því að þetta sé hluti af því frístundastarfi sem við bjóðum uppá í Glaðheimum.</p>	2019-2020	<p>Að umhverfi og klúbbastarf Glaðheima styðji við hugmyndafræði Frístundalæsis. Að allir starfsmenn Glaðheima hafi fengið fræðslu og vinni eftir hugmyndafræðinni að einhverju leiti.</p> <p>Að leggja áherslu á klúbbastarf sem styðji við hugmyndafræðina, t.d. Glaðheimapopp og hellaleikur</p> <p>Að leggja áherslu á möguleika barnanna á lestri í Betri stofu</p>	Gísli og Hafdís

Aðgerð	Tímalína	Markmið og Hvernig metið	Ábyrgð
Efla listasmiðju – Að efla möguleika listasmiðjunnar í Glaðheimum til þess að mæta þeirri eftirspurn sem er eftir henni. Listasmiðjan er ótrúlega vinsæl meðal barnanna og hlúa þarf að því að þar sé allt sem best er á kosið til þess að listastarf fái áfram að blómstra í Glaðheimum.	2019-2020	Aðbúnaður listasmiðju sé eins og best sá á kosið í allan vetur og ekki skorti efnivið eða tæki og tól. Að bjóða því starfsfólki sem sýnt hefur áhuga og metnað í listasmiðju aukinn undirbúningstíma. Að kynna listasmiðjustarf fyrir verðandi 1. bekk þegar leikskólarnir koma í heimsókn.	Gísli og Hafdís
Vináttufærni - Starfsfólk Glaðheima mun nýta sér hugmyndafræði Vináttufærnis sem snýst um að fylgjast vel með félagslegri stöðu barnanna innan hópsins og nýta það til þess að styðja þau börn sem eru að einhverju leiti utan gátta í vinahópum.	2019-2020	Að í lok skólaárs hafi starfsmannahópur Glaðheima í það minnsta farið yfir barnahópinn í heild sinni tvisvar sinnum og rætt saman um félagslega stöðu hvers og eins, nýtt sér það í starfi og stutt þannig við þau börn sem við metum sem svo að þurfi á þeim stuðningi að halda.	Gísli og Hafdís
Samstarf við leikskóla í hverfinu og Langholtsskóla - Að vera virkir þátttakendur í frábæru samstarfi leikskólanna í hverfinu (Brákaborg, Sunnuás og Langholt) og Langholtsskóla til þess að búa til sem best skil á milli skólastiga. Meðal annars með því að bjóða leikskólunum í heimsókn í Glaðheimum sem oftast og bjóða uppá skipulagt starf í listasmiðju Glaðheima þegar þau koma í heimsókn.	2019-2020	Að leikskólarnir í hverfinu hafi mætt oftast en árið áður og verðandi 1. bekkur sé þar af leiðandi orðinn kunnugri húsakynnum og starfsemi Glaðheima þegar þau byrja í skóla. Að við séum í virku samtali við kennara leik- og grunnskóla og tökum þátt í þeim viðburðum í samstarfinu sem við getum.	Gísli